

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 4. apríl 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-101/2012:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 26. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna greiðslu sem hún var krafín um vegna nýrrar afhendingar á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá þá upphæð sem hún var krafín um, endurgreidda.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 27. nóvember sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 5. desember. Með bréfi, dags. 7. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og þær hinn 13. desember. Með bréfi, dags. 19. desember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum frest til þess að skila þeim til 3. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti nýja bifreið af seljanda hinn 7. september 2012. Var bifreiðin haldin galla og skilaði álitsbeiðandi henni og fékk afhenta nýja bifreið hinn 16. nóvember 2012. Kveðst álitsbeiðandi hafa þurft að greiða kr. 200.000 fyrir nýja afhendingu þar sem seljanda fannst sú bifreið sem gölluð var of mikið ekin. Segir álitsbeiðandi að gallinn á bifreiðinni hafi ekkert með akstur bifreiðarinnar að gera heldur hafi bifreiðin lekið vatni og hafi hún verið byrjuð að mygla að innan með tilheyrandi fúkkalykt. Krefst álitsbeiðandi að fá umræddar kr. 200.000 endurgreiddar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var að finna kvittanir fyrir umræddum kaupum en einnig skjal, undirritað af deildarstjóra ábyrgða hjá seljanda, dags. 16. nóvember. Í bréfinu kemur fram að seljandi samþykki að álitsbeiðandi skili bifreið sinni vegna galla og fái í staðinn aðra bifreið af sömu gerð. Þá segir orðrétt í bréfinu: „Eigendur greiða kr. 200.000 á milli sem er vegna aksturs og affalla.“

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda, rituðum af deildarstjóra ábyrgða hjá seljanda, er rakið að álitsbeiðandi geri kröfum um að seljandi endurgreiði sér kr. 200.000 sem hún hafi greitt vegna aksturs og affalla af bifreiðinni xxx-00 þegar hún fékk nýja bifreið, BIX-20, í hennar stað. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi keypt fyrrnefndu bifreiðina nýja af seljanda hinn 7. september 2012 og sé hún skráð sem leigubifreið. Hinn 4. október hafi bifreiðin komið á verkstæði seljanda vegna þess að óeðlilegt hljóð heyrðist inn í bíl þegar vélin var í gangi. Kom í ljós að dæla fyrir loftkælingu var biluð og var skipt um hana. Vegmælir bifreiðarinnar stó þá í 4.534 km. Hinn 15. október var aftur komið með bifreiðina á verkstæði seljanda þar sem vélarljós hafði verið að koma og fara og vélin orðið kraftlaus í tvö skipti. Orsök þessa var sú að hringrásardæla í kælikerfi vélarinnar var biluð og var skipt um hana. Vegmælir stóð þá í

6.898 km. Í nóvemberbyrjun kom bifreiðin aftur á verkstæði seljanda vegna þess að vatn hafði safnast fyrir á gólfinu við bílstjórasætið. Ekki var augljóst hvar lak inn en grunur var um að lekinn væri með framrúðu bifreiðarinnar og var skipt um hana. Þegar því var lokið var ljóst að lekinn var ekki með rúðunni. Þar sem um leigubifreið var að ræða og mikilvægt að hún væri í notkun yfir helgina var ákveðið að fá bifreiðina aftur til viðgerðar hinn 12. nóvember. Seinna þann dag kom í ljós að örlítil rifa var á kítistaum þar sem húddlöm var fest við frambretti. Þetta var lagfært og lak bifreiðin ekki eftir það. Þá var bleyta þurrkuð úr teppinu en til stóð að láta skipta um það í framhaldinu. Vegmælir stóð þá í 11.669 km. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi lagt mikla áherslu á að fá nýjan bíl sér að kostnaðarlausu vegna þessa galla en ekki hafi verið fallist á það nema með greiðslu kr. 200.000 á milli vegna aksturs og affalla. Þá hafi seljandi að auki verið tilbúinn að greiða reikningi frá þriðja aðila vegna færslu á tækjum vegna leiguakstursins á milli bíla, en sá kostnaður var áttaður kr. 100.000. Málinu hafi lokið með fyrrgreindum hætti, að álitsbeiðandi fékk afhenta nýja bifreið gegn greiðslu kr. 200.000.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að upphaf málsins megi rekja til þess að álitsbeiðandi ákvað að kaupa nýja bifreið til að hafa í leiguakstri og var ástæða þess að ný bifreið var keypt sú að þá yrðu ekki tafir frá vinnu vegna bilana. Sú hafi hins vegar ekki orðið raunin með umrædda bifreið, hún hafi fljótt byrjað að bila svo sem rakið hafi verið í andsvörum seljanda. Síðan hafi komi í ljós að vatn safnaðist í gólf undir fótum bílstjóra. Seljandi hafi gert tilraunir til að bæta úr þessu, fyrst hinn 9. nóvember með skiptum á framrúðu, en sú viðgerð bar ekki árangur en bifreiðin var þó notuð undir leiguakstur helgina 10.-11. nóvember. Var samið um að seljandi fengi mánudaginn 12. nóvember til að gera loka viðgerðartilraun. Síðla mánudags var seljandi búinn að kítta í glufu á svokölluðum hvalbak vinstra megin en ekki var vitað um árangur þeirrar viðgerðar. Segir álitsbeiðandi að þolinmæði hennar hafi á þessum tímamarki verið þrotin og hafi hún farið fram á að skila bifreiðinni. Segir álitsbeiðandi að á hreinu sé að hún hafi verið að skila bifreiðinni, en ekki selja hana og kaupa nýja, heldur að fá afhenta nýja, samskonar bifreið í stað þeirrar sem gölluð var. Þar af leiðandi segist álitsbeiðandi ekki sætta sig við að greiða kr. 200.000 á milli, heldur væri eðlilegra að seljandi greiddi henni fyrir það tjón sem hún hafi orðið fyrir vegna sífelldra verkstæðisheimsókna með nýja bifreið, sem ekki séu eðlilegar.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xxx-00 nýja af seljanda hinn 7. september sl. og var kaupverð kr. 3.620.000. Ekki er deilt um að bifreiðin hafi verið haldin galla og að sá galli eða gallar væru ekki sök kaupanda. Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 er fjallað um úrræði kaupanda þegar söluhlutur reynist gallaður, þar segir m.a.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar,

afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.“

Í álitsbeiðni og andsvörum seljanda er rakið að bifreiðin sem um ræðir þarfnadist viðgerða skömmu eftir kaup og framkvæmdi seljandi úrbætur að ósk álitsbeiðanda í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laganna hinn 4. október vegna dælu í loftkælingu, hinn 15. október vegna hringrásardælu og loks hinn 9. nóvember vegna leka. Þegar síðasta viðgerðin bar ekki árangur munu aðilar hafa samið um að viðgerð yrði reynd að nýju hinn 12. nóvember. Þegar sú viðgerð hafði verið framkvæmd að hluta, fór álitsbeiðandi fram á nýja afhendingu skv. 2. mgr. 34. gr. en skilyrði þeirrar greinar er að galli sé verulegur. Í frumvarpi til laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir m.a. í skýringum við 2. mgr. 34. gr. að meginskilyrði greinarinnar sé að galli sé verulegur og að almennt sé úrræðið þungbærara fyrir seljanda en viðgerð eða aðrar úrbætur og af þeim sökum séu skilyrðin strangari. Hvort galli teljist verulegur eða ekki ber að meta í hverju tilviki og skiptir m.a. máli í því sambandi hvaða þýðingu gallinn hefur hlutlægt séð fyrir kaupanda sjálfan og hvort seljandi sá eða mátti sjá hvort gallinn var verulegur. Ekki kemur sérstaklega til skoðunar hvort umræddur galli teljist verulegur eða ekki, þar sem seljandi og álitsbeiðandi komust að samkomulagi um að ný afhending færi fram hinn 16. nóvember sl. Var sú afhending þó háð skilyrðum sem álitsbeiðandi virðist hafa mótmælt, enda taldi hún, þar eð seljandi samþykkti nýja afhendingu, að sér væri ekki skylt að fallast á umrædd skilyrði. Í 64.- 66. gr. laganna er m.a. að finna reglur um nýja afhendingu. Í 1. mgr. 66. gr. segir m.a. að kaupanda sé því aðeins heimilt að krefjast nýrrar afhendingar geti hann skilað hlutum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var þegar hann veitti honum viðtöku. Ljóst er að bifreið sem hefur verið ekið rúmlega 11.000 km. frá því hún var keypt getur vart talist að öllu verulegu leyti í sama ástandi og þegar kaupandi veitti henni viðtöku, nýrri og óekinni. Hins vegar er tekið fram í 2. mgr. 66. gr. að kaupandi glati ekki rétti til nýrrar afhendingar ef hann bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á söluhlut þegar hann skilar honum. Sem fyrr segir setti seljandi þau skilyrði fyrri nýrri afhendingu að álitsbeiðandi greiddi honum kr. 200.000. Getur kærunefndin ekki fallist á að sú skilyrðing hafi verið óheimil eða ósanngjörn m.v. þá miklu notkun álitsbeiðanda á umræddri bifreið, á þeim þó stutta tíma sem leið frá því að hún keypti bifreiðina hinn 7. september sl. og þar til henni var afhent ný bifreið hinn 16. nóvember.

Kærunefndin telur aftur á móti rétt að taka til skoðunar þá mótbáru álitsbeiðanda í athugasemdum sínum við andsvör seljanda, að hún hefði orðið fyrir tjóni vegna sífelldra verkstæðisheimsókna með nýja bifreið, og því hafi seljanda ekki verið stætt á því að krefja hana um greiðslu kr. 200.000 þegar ný afhending fór fram. Sem fyrr greinir notaði álitsbeiðandi bifreiðina í atvinnusyni, þ.e. til leiguaksturs. Í niðurlagi 1. mgr. 30. gr., sem rakin er hér að framan, segir að réttur kaupanda til skaðabóta falli ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur í þeim tilvikum þar sem söluhlutur reynist gallaður. Um skaðabætur er fjallað í 40. gr. laganna en þar segir m.a. í 1. mgr. að kaupandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Í 67.-70. gr. laganna er að finna ákvæði um fjárhæð og umfang bótanna. Í 1. mgr. 67. gr. segir m.a. að skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Í máli þessu liggur ekki fyrir hvert tjón álitsbeiðanda varð af því að bifreið hennar var ekki tiltæk til leiguaksturs vegna viðgerða seljanda á bifreið hennar. Kærunefndin telur hins vegar að áætla megi að það tjón hafi a.m.k. numið þeirri fjárhæð sem seljandi krafði álitsbeiðanda um þegar hann afhenti henni nýja bifreið vegna galla á þeirri fyrri. Er það því álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda skaðabætur að upphæð kr. 200.000.

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 200.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir